

Fundargerð

Samráðsfundur Umhverfisstofnunar og Hestamannafélagsins Storms vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda

Fundurinn var haldinn á Teams, föstudaginn 19. janúar 2024 kl. 12:30-13:00

Þátttakendur á fundinum voru: Viktor Pálsson fulltrúi Hestamannafélagsins Storms og Edda Kristín Eiríksdóttir fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Markmið með fundi

- Að fá upplýsingar um fornar reiðleiðir sem liggja um hið friðlýsta svæði skv. fornleifaskráningu.
- Að fá upplýsingar um það hvort hestafólk vill koma einhverju á framfæri varðandi framvindu áætlunarinnar hvað reiðmennsku varðar.

Fundargerð

Fulltrúi Umhverfisstofnunar kynnti tilefni fundarins sem var að kanna þörf þess að ávarpa hestaferðamennsku sérstaklega í stjórnunar- og verndaráætlun Dynjanda og fá upplýsingar um fornar reiðleiðir ef til væru. Fulltrúi Storms upplýsti um að áður fyrr hafi stundum verið riðið frá Þingeyri að Dynjanda um Hrafnseyrarheiði og tjaldað þar. Enn fremur var riðið um Dynjandisheiði áleiðis á fjórðungsmót, ýmist eftir þjóðvegi eða þar sem greiðfærast var fyrir hross, en í dag væru aðstæður til reksturs, m.t.t. aukningar á umferð, verri. Þetta var síðast gert árið 1992. Lítið er um hesta á Vestfjörðum sunnan Dýrarfjarðarganga og svæðið ekki nýtt að neinu ráði af hestafólki í dag. Fulltrúi Storms tók fram að mikilvægt væri þó að svæðið væri ekki lokað hestamönnum.

Fulltrúi Storms sagðist vita til þess að um svæðið lægju fornar reiðleiðir en hafði ekki frekari upplýsingar um þær.

Niðurstaða

Ekki er sýnileg ástæða til að ávarpa sérstaklega umferð hestamanna um hið friðlýsta svæði eða setja um hana sérreglur. Um umferð ríðandi manna gilda eftir sem áður almennar reglur náttúruverndarlaga sbr. 4. mgr. 20. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þar sem segir að þegar farið er á hestum um eða höfð viðdvöl með hross á náttúruverndarsvæðum, þar sem starfandi er landvörður eða umsjónaraðili, skuli haft samráð við hann.